



Svör við fyrirspurn Álfhildar Leifsdóttur Vg og óháðum á 886. fundi byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar þann 31. október 2019

Dagskráliður 11. Viðbót við fyrirspurn vegna Byggðasafns; málsnúmer 1910148

1. Hver er mánaðarleg leiga af Minjahúsinu og hversu lengi er áætlað að það verði leigt áfram af Sveitarfélaginu?

Mánaðarleg leiga fyrir húsnæðið er kr. 595.000,- Með vísitöluhækkun er leigan í dag kr. 605.921,- Húsið verður leigt áfram þar til búið er að flytja muni Byggðasafnsins í varðveislurými að Borgarflöt.

Gert er ráð fyrir að flutningur muna úr Minjahúsi geti hafist í nóvembermánuði og tekið sex til átta vikur ef veðuraðstæður eru hagfelldar.

2. Hver er kostnaður við þökkun minja Byggðarsafnsins þegar allt er talið, laun starfsmanna, námskeiðsgjöld, umbúðir o.fl.?

Frá árinu 2017 til 30. september 2019 er kostnaðurinn 14.689.299 kr. Þar af launakostnaður 11.529.823 kr. Geta má þess að samhliða þökkun á munum Byggðasafnsins fyrir flutning var ráðist í að þrifa, umpakka og ljósmynda alla safngripi og stefnt var á fullnaðarskráningu í menningarsögulega gagnasafnið Sarp (Sarpur.is) á árinu 2018. Því markmiði hefur að mestu verið náð, þ.e. búið er að færa alla skráða gripi inn í Sarp, ljósmynda munina og færa stóran hluta þeirra inn á vefinn. Verkefnastyrkir frá Safnasjóði á þessu tímabili nema 3,9 milljónum króna og hafa komið á móti kostnaði við skráninguna. Þessi vinna við skráningu, þrif og þökkun er vinna sem ráðast hefði þurft í fyrir flutning í varanlegt varðveislurými þannig að ekki kemur til þess kostnaðar aftur vegna þeirra muna.

3. Talað er um verðandi Menningarhús sem fullkomið varðveislurými. Eru engin áform um sýningarrými á Sauðárkróki fyrir Byggðarsafnið eða rannsóknaraðstöðu?

Í nýju menningarhúsi á Sauðárkróki er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir starfsmenn Byggðasafns, Héraðsskjalasafns, Héraðsbókasafns og starfsmenn Sögufélags Skagfirðinga, þannig að unnt sé að vinna saman í þverfaglegri vinnu. Einnig er gert ráð fyrir rými til að hreinsa, rannsaka og mynda gögn af hálfu fyrrgreindra aðila. Þá er gert ráð fyrir varðveislurými af fullkomnustu gerð.

Ekki er gert ráð fyrir sýningarrými fyrir varanlegar sýningar Byggðasafnsins en gert er ráð fyrir fjölnota sal sem getur þjónað hlutverki hússins sem miðstöð lista og fræða í Skagafirði. Þar geta verið tímabundnar sýningar Byggðasafns Skagfirðinga ef svo ber undir, líkt og stundum hafa verið settar upp hjá safninu.